



# FRÉTTA BLAÐIÐ

FRÍTT

21. mars 2005 – 78. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Vefvang: visir.is – Sími: 550 5000



## MÁNUDAGUR




**TELJA AÐ SÉR VEGIÐ** Starfsmenn á fasteignasöllum telja að starfsheildri sínum vegið og lítið gert úr þekkingu sinni, starfsreynslu og menntun með þeirri stefnu lög-giltra fasteignasala að þeir einir sem hafi löggildingu fái að sinna fasteignasölu og ráðgjöf. **Sjá síðu 2**

**ENDALOK ÁLVÆDINGAR** Valgerður Sverrisdóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, segir að það gangi ekki til lengdar að byggja fleiri álver. Hún segir mikilvægt að huga að því að koma fleiri öflugum stöðum undir íslenskt efnahagslíf. **Sjá síðu 2**

**HELGI REIÐUR** Rúmlega 40 milljóna króna starfslokasamningur er gerður var við fyrrverandi framkvæmdastjóra Sameinaða lífeyrissjóðsins er að mati Helga Vilhjálmssonar, kenns við Góu, nánast þjófnður frá almenningi. **Sjá síðu 4**

### VEÐRIÐ Í DAG



**EINHER VÆTA** sunnan og vestan til, einkum síðdegis. Milt í veðri. **Sjá síðu 4.**

### DAGURINN Í DAG



**ÚRSLITAKEPPNIN** ÍR-ingar taka á móti Keflvíkum í undanúrslitum Íslandsmóts karla í körfubolta. Leikurinn fer fram í Íþróttahúsi Seljaskóla og hefst klukkan 19.15.

Kvikmyndir	26	Myndlist	26
Tónlist	26	Íþróttir	18
Leikhús	26	Sjónvarp	28

## Hart deilt á lóðaúthlutun

Auglýst hefur verið eftir fólki til að sækja um einbýlishúsalóðir í Lambaseli og áhugasömum boðnar rúmar þrjár milljónir í hagnað fyrir að framselja lóðina. Getur grafið undan lóðaúthlutun, segir Dagur B. Eggertsson.

**LAMBASEL** Ónafngreindur auglýsandi bauð í gær hverjum þeim sem sækta um og fengi einbýlishúsalóð í Lambaseli átta milljónir króna fyrir lóðina. Verði einhver við boðinu hagnast viðkomandi um 3,4 milljónir króna.

Auglýsandinn lýsir sjálfum sér sem reykvískri fjölskyldu og segist gera þetta til að auka líkurnar á að fá lóð og mótmæla „vandráðaástandi“ í lóðamálum í Reykjavík. Auglýsingin birtist í Fréttablaðinu sama dag og borgin auglýsti eftir umsóknunum um 30 lóðir fyrir einbýlishús.

Auglýsandinn neitar að greina

frá nafni sínu en sagði í tölvupósti að hann væri hvorki í samstarfi við stjórnmalaflokk né verktaka.

Hann áætlað 10-20 þúsund Reykvíkingar sækist eftir Lambaselslóðunum og bendir á að einstaklingar og byggingaverktakar safni kennitölum til að auka líkur sínar. Eftirmarkaðsverð lóða sé komið langt fram yfir það sem borgin fari fram á. Hann segir að í Kópavogi og Hafnarfirði semji verktakar við einstaklinga sem sækja um lóðir og skipa þeir hagnaði af sölu húss á milli sín.

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson

borgarfulltrúi telur auglýsinguna sýna ófremdarástandið í lóðamálum í borginni. Það minni á ástandið fyrir 1980, þegar lóðir gengu kaupum og sölum.

„Við munum auðvitað fylgjast grannt með þróun þessa máls. Ef niðurstaðan verður sú að ákvæðin halda ekki, sem við settum til að lóðirnar færu til fjölskyldna sem byggja yfir sjálfa sig, mun þeirri skoðun vaxa fiskur um hrygg að sanngjarnast sé að bjóða einbýlishúsalóðir út eins og aðrar lóðir,“ segir Dagur B. Eggertsson, formaður skipulagsnefndar.

- ghs



**LEIDDUR Á BROTT** Lögreglan leiðir mótmælenda á brott eftir atburði gær dagsins.

## Mótmæli í Kirgisistan: Löggan flúði upp á þak

**KIRGISISTAN, AP** Um tíu þúsund lýðræðissinnar ruddust inn í lögreglustöð í borginni Jalal-Abad í Kirgisistan og ráku starfsmenn stjórnarráðsins á brott til að mótmæla vafasömum kosningaúrslitum þar í landi í síðasta mánuði.

Lögreglumenn þurftu að flýja upp á þak stöðvarinnar þar sem þeir skutu úr byssum sínum út í loftið eftir að múgurinn hóf að kasta steinum að þeim. Stjórnvöld í landinu segjast vera tilbúin að semja við mótmælendurna, sem hafa krafist þess að Askar Akajev forseti segi af sér. ■



### GLAÐNINGUR Á BARNSPÍTALA HRINGSINS

Jónsi ananas gaf Elvari Atla og pabba hans, Smára Brynjarssyni, páskaegg og Birgitta gulrót fékk stóran koss frá Brynjari Erni í skiptum fyrir eggjó sitt.

Kindahræ finnast á opnu svæði í Reykjavík:

## Hræ skilin eftir á almannafæri

**UMHVERFISPIJÖLL** „Það er eins og einhver sé að færa fórnir hérna að næturlagi,“ segir Einar Pálmi Árnason sem hefur ítrekað komið að dýrahraðjum og innyflum á opnu svæði nærri Réttarholtskóla að undanförmu. Nú síðast fann hann rolluhræ sem hafði verið skilið þar eftir. Einar Pálmi gerði lögreglu viðvart og hún fékk starfsmenn borgarinnar til að fjarlægja hræið.

„Þetta er í fjórða skipti sem ég verð var við svona lagað hérna og ég skil ekki hvað fólki gengur til með þessu,“ segir Einar Pálmi.

Í síðasta mánuði var meindýrseyðir kallaður til á sama stað til að fjarlægja hræ og matarleifar.

Honum virtist sem einhver vildi fæða hrafna sem voru þarna.

Gunnar Arnar Guðmundssonar, héraðsdýralæknir Gullbringu- og Kjósarumdæmis, segir að ekki sé mikil hættu á að sýking berist til manna af rolluhræjum. Hann telur nær öruggt að hræ sem þetta sé hvorki komið frá sláturhúsum né sorpeyðingarstöðvum.

Að sögn lögreglu er mjög sjaldgæft að svona mál komi upp. - jse

### KINDAHRÆ

Í fjögur skipti hefur sjón sem þessi blasað við íbúum í grennd við Réttarholtskóla. Einn þeirra segir það engu líkara en verið sé að færa fórnir þarna.



## Barnaspítali Hringsins: Fengu plötur og páskaegg

**SKEMMTUN** Börnin á Barnaspítala Hringsins fengu óvænta og skemmtilega heimsókn í gær þegar leikararnir úr Ávaxtakörfunni birtust að óvörum hlaðnir páskaeggjum og fleiri gjöfum.

Aðalleikararnir í sýningunni, þau Birgitta Haukdal og Jón Jósep Snæbjörnsson, mættu á Barnaspítala Hringsins og afhentu börnunum gjafir, páskaegg og geislaplötur með tónlist úr leikritinu.

Boðskapur Ávaxtakörfunnar er að það er ljótt að leggja fólk í einelti og því var þess vel gætt að allir fengu páskaegg og enginn yrði úti undan. Eftir að leikararnir afhentu gjafirnar tóku þeir lagið af nýtt-kominni geislaplötu með lögunum úr sýningunni og börnin fengu eintak af disknum úr höndum ávaxtanna sjálfra. - bb

## Fjöldi lesenda

á mánudögum\*

152.000

114.000

FRÉTTABLAÐIÐ Morgunblaðið

\*Landið allt skv. fjölmiðlakönnun Gallup, feb. 2005.

VIKULEGAR SIGLINGAR  
ATLANTSSKIP  
-FLYTJA VÖRUR-  
FRÁ EVRÓPU

Miðvikudagar  
Vlissingen / Holland

591 3000





**spron**

## Vorum að breyta og bæta á Skólavörðustígnum

Undanfarið hafa staðið yfir umfangsmiklar breytingar á húsnæði SPRON á Skólavörðustíg. Viðskiptavinir okkar hafa sýnt skilning og þolinmæði meðan á framkvæmdum hefur staðið og fyrir það erum við mjög þakklát. Nú er þessu verki lokið og við erum afar stolt af útkomunni.

Í tilefni breytinganna bjóðum við öllum þeim sem heimsækja okkur fram að páskum upp á kaffi og meðlæti. Okkur væri mikil ánægja ef þú litir inn til okkar á Skólavörðustígnum og gleddist með okkur.

**Velkomin í SPRON Skólavörðustíg 11,  
sími 550 1200 - spron.is**





# Ferskt með flugi



**Lollo Rosso** salat



**Eikarlauf** salat



**Frisse** salat



**Romain** salat



**Lamba** salat



**Pak Soy** salat



## Landsins mesta úrval af sveppum



**Portabello** Frábært að fylla þessa m/gráðaosti og grilla



**Nýtt**  
í Hagkaupum

**Mini shitake** Smjörsteiktu þennan með steikinni



**Nýtt**  
í Hagkaupum

**Gulir ostru** Bestir snöggsteiktir í smjöri eða ólífúliu



**Nýtt**  
í Hagkaupum

**Rauðir ostru** Bestir snöggsteiktir í smjöri eða ólífúliu



**Nýtt**  
í Hagkaupum

**King bolett** Frábær viðbót í sveppasúpuna



**Nýtt**  
í Hagkaupum

**Eringi**



**Nýtt**  
í Hagkaupum

**King ostru** Mjög gott að skera í teninga og steikja



**Nýtt**  
í Hagkaupum

**Horse** mushrooms Móaetisveppir



**Nýtt**  
í Hagkaupum

**Beach garlic**



**Nýtt**  
í Hagkaupum

**Mini eringi**



**Nýtt**  
í Hagkaupum

**Pied bleu**



**Nornagaldur** Blandaðir villisveppir, tilvaldir í sveppasósuna

Gildir til 28. mars eða á meðan birgðir endast

**HAGKAUP**  
Skemmtilegast að versla



AFGREIÐSLUTÍMI:

föstudag.... 9 - 19:30  
laugardag.... 10 - 16

tilboðin gilda til laugardagsins 19.mars  
eða á meðan birgðir endast

# HELGAAR TILBOÐ



**879kg-**

MÓA  
KJÚKLINGA-  
LÆRI m/LEGG

**398kg-**

MYLLU  
KRANSAKAKA

**4998**



FYLLT  
SVÍNASÍÐA  
verð áður:  
1098kg-

**1398kg-**



PESTÓ  
LAMBASTEIK

**1198kg-**



LONDON LAMB  
FRÁ KJARNAFÆÐI

**979kg-**

verð áður:  
1399kg-



**899kg-**

JURTAKRYDDAÐ  
LAMBALÆRI  
verð áður 1499kg-



**398kg-**

FERSKUR  
KJÚKLINGUR



**779kg-**

FK BAYONNESKINKA



**698kg-**

SVÍNAKÓTELETTUR  
ÚR KJÖTBORÐI



**858kg-**

SVÍNAHNAKKI  
ÚRBEINADUR OG  
SNEIDDUR



**878kg-**

FJALLALAMBS  
HELGARSTEIK

verð áður:  
1098kg-



**99-**

JARÐABER  
Í BOXI  
250gr.-



**1898kg-**

HÓTELRÆKJA



**798kg-**

HAMBORGARA-  
HRYGGUR ÚR KJÖTBORÐI

verð áður:  
1098kg-



**699-**

OERLEMANS  
EURO-MIX  
2,5kg.-



**699-**

BROCCOLI  
FROSID  
2,5kg.-



FJARÐARKAUP

ekki bara verð!

# Lambakjöt ljúft og gott á páska



## Kryddað lambakjöt með lárperum

6–700 g lambahryggvöðvi (file)  
1 msk. engifer, rifid eða saxaðir smátt  
2 hvítlauksgeirar, saxaðir smátt  
2 tsk. kummin, malað  
2 tsk. kóríanderfræ, möluð  
1/2 tsk. chilipipar (eða eftir smekk)  
salt  
1 msk. olía

2 lárperur, vel þroskaðar  
1 rauð paprika, stór  
1 rauðlaukur  
1 chilialdin, rautt eða grænt  
safi úr 2 lífónum  
fersk kóríanderlauf  
nýmalaður pipar

Kryddinu blandað saman og núði vel inn í lambið. Látið standa í hálfra til eina klukkustund. Olían hituð á þönnu og kjötið saltað svolítið og steikt við góðan hita þar til það er brúnað á öllum hliðum; lengur ef það á að vera steikt í gegn. Tekið af þönnu, álpappír breiddur yfir og látið standa í nokkrar mínútur.

Lárperurnar afhjúddar og skornar í litla teninga. Paprikan fræhreinsuð og söxuð. Rauðlaukurinn skorinn í fjórðunga og þeir síðan í þunnar sneiðar. Chilialdinið fræhreinsað og skorð í örþunnar sneiðar og kóríanderlaufin söxuð. Öllu blandað saman á fati ásamt lífónusafa og síðan er kjötið skorð í þunnar sneiðar á ská og sett í hrúgu ofan á. Pipar malaður yfir og skreytt með kóríanderlaufi.



*lambakjöt – léttur réttur*

Upphald íslensku þjóðarinnar  
Fjöldi uppskrifta á [www.lambakjot.is](http://www.lambakjot.is)

Nýr húsdýragarður:

## Strútar á Stokkseyri

**DÝRAGARÐUR** Nýr húsdýra- og skemmtigarður verður opnaður á Stokkseyri 20. maí. Torfi Áskelsson, einn af forsprökkum garðarins, segist hafa gengið með hugmyndina í maganum í tíu ár. Nú verður draumurinn að veruleika þegar hann, ásamt konu sinni og öðrum hjónum, opnar skemmtigarð sem á að bera nafnið Töfragarður, en aðaláherslan verður lögð á afþreyingu fyrir börn.

Torfi segir að þótt Stokkseyri bjóði upp á fjölbreytta skemmtun eins og kajakferðir, veiðisafn og draugasafn hafi vantað eitt-hvað fyrir börnin. Ætlunin sé að

nota náttúruna og byggja garðinn í kringum hana. Auk venjulegra húsdýra verða í garðinum refir, og ef allt gengur að óskum jafnvel strútar. Torfi hefur í nokkur skipti sóst eftir því að flytja inn strútsegg en ekki fengið. Hann segir ótrúlegt að flytja megi inn snáka og eðlur en ekki strúta. Hann segist þó ekki hafa gefist upp og aldrei að vita nema þessir stóru fuglar feli hausinn í íslenskum sandi í náinni framtíð. ■

**TÖFRAGARÐUR**

Nokkrar íbúar garðsins eru þegar mættir.



**ÁRNES Í SKEIÐA- OG GNÚPVERJAHREPPI**

Lagt hefur verið til að skólanum í Brautarholti verði lokað og skólalald flutt í Árnes.

Skeiða- og Gnúpverjahreppur:

## Ólga í skólamálu

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Óánægðir íbúar Skeiða- og Gnúpverjahrepps hafa sent félagsmálaráðuneytinu stjórnsýslukæru vegna ákvörðunar hreppsnefndarinnar að leggja niður grunnskólann í Brautarholti og flytja skólalald í Gnúpverjaskóla í Árnesi.

80 til 100 manns mættu á fund á miðvikudagskvöld, þar sem samþykkt var að skora á hreppsnefndina að láta gera kostnaðargreiningu á flutningi skólastarfs, áhrif þess á rekstur leikskóla sem starfræktur er við þann skóla sem loka á og lokið verði við úttekt Rannsókarstofnunar Kennaraháskóla Íslands á skólastarfi í hreppnum.

Óánægja íbúa snýr að því að skýrsla Rannsókarstofnunarinnar

var ekki komin út þegar ákvörðunin var tekin og að atkvæðagreiðsla hafi ekki verið auglýst í fundarboðun hreppsnefndar. Þá efast kærendur um hæfni þriggja hreppsnefndarmanna í málinu, þar sem þeir eða makar þeirra starfi við Þjórsárskóla. Að lokum er það gagnrýnt að málið hafi verið afgreitt á einum fundi.

Aðalsteinn Guðmundsson, oddviti hreppsnefndar, segir meginástæðu þess að sameina eigi skólastarf fækkun nemenda. Þá hafi ákvörðun hans um hvorum skólanum skyldi lokað verið byggð á faglegu sjónarmiði og vilja til að brjóta upp hrepparígg. Það sé rýmra húsnæði í Gnúpverjaskóla og því sé það heppilegra. - ss

Heilbrigðisyfirvöld:

## Vara börn við ljósabekkjum

**HEILBRIGÐISMÁL** Íslensk og erlend heilbrigðisyfirvöld vara mjög við því að börn yngri en 18 ára noti ljósabekki.

Landlæknisembættið, Geislavarnir ríkisins, Krabbameinsfélagið og Félag íslenskra húðlækna hafa sent foreldrum og forráðamönnum fermingarbarna póstkort þar sem bent er á hættunarn sem fylgja því að ungt fólk fari í ljósabekki.

Þá hefur heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið vakið sérstaka athygli á viðvörum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) þar sem segir að ljósabekkir eigi þátt í mikilli fjölgun húðkrabbameinstilfella. Segir stofnunin að börn yngri en 18 ára eigi ekki að nota ljósabekki þar sem ungu fólk sé hættara við því en öðrum að fá húðkrabbamein við notkun þeirra. - jss



**VIÐVÖRUNARKORT**

Foreldrar og aðstandendur fermingarbarna hafa fengið svona póstkort send, þar sem varað er við því að börnin fari í ljós.



**Tilboð mars 2005**  
20% afsláttur af NexxStyle og LinStyle servíettum, TexStyle og LinStyle dúkum á rúllum.

Fyrir afmælisveisur, fermingar og brúðkaup



**Bolsíus kert**

24,5 cm, 30 stk.

478.-



**Lotus TexStyle dúkarúlla**

1,2 x 50 m

4.557.-



Verð frá 222.-

**Lotus NexxStyle servíettur**

39 x 39 cm, 80 stk.

**Nýr opnunartími í verslun RV:**

Mánudaga til föstudaga frá kl. 8:00 til 18:00  
Laugardaga frá kl. 10:00 til 14:00

## Lotus Professional borðpappírsvörur

– setja lit á borðhaldið



**Rekstrarvörur**

- vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík  
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665  
sala@rv.is • www.rv.is





# TÖLVULISTINN



**VL9**  
Vaxtalaust í 9 mánuði  
**9.989**

## 1362LMi

**AÐEINS 40 STK LÍTIÐ ÚTLITSGALLAÐAR ACER 1362**

### ACER 1362LMi 2800+ AMD FERÐATÖLVA MEÐ ÖLLU

**HYPER TRANSPORT**  
AMD Sempron er ný kynslóð örgjörva með HyperTransport tækni og hraðari gagnabrotir



**ÞRÁÐLAUST NET**  
Acer Aspire ferðatölva kemur með 54Mbps þráðlausu 802.11g netkorti og innbyggðu loftneti



**DVD +/-SKRIFARI**  
Vandaður DVD +/-geislaskrifari sem les og skrifar DVD og venjulega geisladiska



**GEFORCE GO5200**  
GeForce FX Go 5200 skjákort með 64MB DDR minni! TV-út og VGA tengi fyrir auka skjá.



**TENGINGAR**  
Acer Aspire 1362LMi tölva kemur með 4xUSB 2.0, VGA, Firewire, Infrared og PCMCIA



**ÞYNGD OG RAFHLAÐA**  
Acer Aspire fartölva er 3.6Kg og með AMD mobile tækninni endist rafhláðan í allt að 3 tíma



<b>Örgjörvi</b>	2800+ AMD Sempron 384KB flytiminni, HyperTransport
<b>Vinnsluminni</b>	512MB 333MHz DDR
<b>Harðiskur</b>	Einfalt að stækka minnið 40GB Ultra ATA100 4200 RPM hraður og hljóðlátur
<b>Geisladrif</b>	DVD±RW skrifari Skrifar DVD diska og CD-RW
<b>Skjár</b>	15" TFT XGA skjár Hágæða skjár með 1024x768dpi
<b>Skjákort</b>	64MB GeForce FX Go5200 Sjálftætt minni og TV-út tengi
<b>Hljóðkerfi</b>	Hljóðkerfi með 2 hátölurum Hljóðkort og stereo hátalarar
<b>Netkort</b>	10/100 base netkort Einnig innbyggt 56k mótald
<b>Þráðlaust</b>	54Mbps þráðlaust netkort Innbyggt 802.11g með loftneti í skjá
<b>Stýrikerfi</b>	Windows XP Home - SP2 Á íslensku eða ensku
<b>Tengi</b>	4xUSB2, Firewire, TV-út Parallel, VGA, PCMCIA, ofl.

**89.900**

VAXTALAUST KRÓNUR 9.989 Í 9 MÁNUÐI

ÖLL VERÐ ERU STAÐGREIÐSLUVERÐ MEÐ VIRÐISLAUSKAFTI OG BIRT MEÐ FERRIVARA UM BRETNINGAR OG PRENTVILLUR



VL9 vaxtalaus tilboð eru miðuð við 9 mánaða jafnar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf. 0,5% stimpilgjald bætist við heildarupphæðina sem dreifist jafnt yfir samningstímann.

## TÖLVULISTINN

Nóatúni 17 • 105 Reykjavík • Sími 562 6730  
Glerárgötu 36 • 600 Akureyri • Sími 464 7400  
Hafnargötu 90 • 230 Keflavík • Sími 534 7400



**PÁLMASSUNNADAGUR**

Hátíðahöld á Panama í tilefni pálmassunnudags stóðu undir nafni. Fjöldi fólks veifaði blöðum pálmatrjáa í göngu í Panamaborg, höfuðborg Panama.

Vaxandi eftirspurn eftir filabeini:  
**Mörg þúsund filar eru felldir árlega**

**NAÍRÓBÍ** Talið er að 6.000-12.000 afrískir filar falli á hverju ári fyrir byssum veiðþjófa. Filabein gengur kaupnum í Súdan og eru Kínverjar stórtækir í filabeinskaupum.

Flestir filanna eru felldir í Súdan, Kongó og Mið-Afríkulýðveldinu en einnig eru veiðþjófarnir aðgangsharðir í Kenía og Tsjad. Esmond Martin, breskur sérfræðingur sem rannsakað hefur filabeinsmarkaðinn, segir

að filadráp fari vaxandi enda sé svart markaðurinn í höfuðborg Súdan, Kartúm, yfirfullur af vörum úr filabeini. Hann segir sérstakt áhyggjuefni að súdanski herinn stundi stórfelldar veiðar í suðurhluta landsins þrátt fyrir strangt bann þar að lútandi.

Verðið á filabeini hefur tvöfaldað á átta árum og því er eftir meiru að slægjast fyrir veiðþjófa. Nú kostar kílóíð riflega hundrað dollara, eða um sex þúsund krónur.



**EFTIRSÓTT BRÁÐ**

Filabein er afar eftirsótt um þessar mundir enda eru þúsundir fila drepnar á ári hverju. Þessi filamæðgin eru þó sennilega óhult þar sem þau búa í þjóðgarði í Kenía.

Martin telur að Kínverjar kaupi um 75 prósent af filabeininu en þúsundir Kínverja starfa í Súdan við filabeinshandverk. Efnahagsuppsveiflan í Kína hefur því sína ókosti. ■

Frumvarp VG um RÚV:  
**Valdapolítísk tengsl víki**

**RÍKISÚTVARPIÐ** Vinstri grænir hafa lagt fram frumvarp um Ríkisútvarpið. Ögmundur Jónasson þingmaður segir að frumvarp ríkisstjórnarinnar um Ríkisútvarpið sé ekki ásættanlegt.

„Við viljum höggva á hin valdapolítísku tengsl sem eru á milli meirihluta stjórnar á hverjum tíma og Ríkisútvarpsins með því að leggja útvarpsráð í núverandi mynd niður. Við viljum setja á laggirnar eins konar dagskrár-ráð sem hefur það verkefni að sjá til þess að skilgreindum verkefnum Ríkisútvarpsins sé sinnt. Aðkomu að því eiga fulltrúar einstakra flokka á Alþingi, þó ekki kosnir hlutfallskosningu, auk fulltrúa sveitarfélaga, listamanna, neytendasamtaka og starfsmanna. Með þessu móti er sjálfstæði Ríkisútvarpsins tryggt,“ segir hann.

- sda



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Stórfellt vopnasmygl:

**Eldflaugar seldar til Írans og Kína**

**KÆNUGARÐUR, AP** Úkraínskir vopnasalar smygðu átján eldflaugum sem geta borið kjarnaodda til Írans og Kína á meðan Leoníd Kútsjma gegndi forsetaembætti í Úkraínu. Enn syrtir í álinn fyrir forsetann fyrrverandi.

Fljótlega eftir að Viktor Júsjenkó komst til valda í Úkraínu var tekið til við að rannsaka ásanir um grófa spillingu í valdatíð forvera hans og í síðasta mánuði komust menn á snoðir um umfangsmikið vopnasmygl sem menn handgengnir Kútsjma stóðu á bak við.

**LEONÍD KÚTSJMA** Valdatíð hans virðist hafa einkennst öðru fremur af spillingu.

Í gær lýsti saksóknari svo yfir að átján eldflaugum sem skýrslur sögðu að hefðu farið til Rússlands hefði í raun verið smyglað til Írans og Kína. Flaugarnar eru af gerðinni Kh55 og geta borið allt að 200 kílótonna kjarnaodda og draga tæpa 3.000 kílómetra. Engir kjarnaoddar fylgdu þó flaugunum.

Kínverjar búa yfir kjarnorkuvopnum og Íranar eru taldir hafa áhuga á að eignast þau.

Kútsjma hefur neitað öllum sakargiftum, rétt eins og í síðustu viku þegar hann neitaði að eiga nokkra aðild að morðinu á blaðamanninum Gongadze árið 2000. ■

# ÞAÐ HEFUR ALD GAMAN AÐ FYLLA Ú

Dæmi um íbúðarhúsnæði sem er með áhvílandi veðskuldir að fjárhæð 10,5 milljónir króna í árslok.

Staðsetning íbúðarhúsnæðis:						Vaxtagjöld og lán eða láns hlutar sem ekki ganga til öflunar íbúðarhúsnæðis færast í kafla 5.5.							
Kúpar:			Fyllist út af skattsjóra			9	10						
			299			Vaxtagjöld vegna öflunar íbúðarhúsnæðis			Eftirstöðvar skulda vegna öflunar íbúðarhúsnæðis				
1 Lánveitandi	Lánsnúmer	Hlutfall (%)	2 Lántökudagur	3 Lánsstími	4 Yfirtökudagur								
<b>Íbúðalánasjóður*</b>		100%	01.12.03	25 ár									
5 Heildargreiðslur ársins	6 Afborgun af nafnverði	7 Aftöil	8 Lántökukostnaður										
+ 450.829	- 128.640	+	+			3	2	2	1	8	9	6 2 0 1 3 5 9	
1 Lánveitandi	Lánsnúmer	Hlutfall (%)	2 Lántökudagur	3 Lánsstími	4 Yfirtökudagur								
<b>Lífeyrissjóður*</b>		100%	01.12.03	25 ár									
5 Heildargreiðslur ársins	6 Afborgun af nafnverði	7 Aftöil	8 Lántökukostnaður										
+ 136.168	- 46.675	+	+									8 9 4 9 3 2 0 0 1 3 2 5	
1 Lánveitandi	Lánsnúmer	Hlutfall (%)	2 Lántökudagur	3 Lánsstími	4 Yfirtökudagur								
<b>Banki*</b>		100%	01.12.03	10 ár									
5 Heildargreiðslur ársins	6 Afborgun af nafnverði	7 Aftöil	8 Lántökukostnaður										
+ 438.582	- 255.696	+	+			1	8	2	8	8	6	2 3 0 1 3 0 0	
Fært af framhaldsblaði RSK 3.01													
<b>Vaxtagjöld/eftirstöðvar vegna öflunar íbúðarhúsnæðis samtals</b>						87	<b>5</b>	<b>9</b>	<b>4</b>	<b>5</b>	<b>6</b>	<b>8</b> 45	1 0 5 0 3 9 8 4

\* Vextir íbúðalánasjóðs 5,10%, vextir lífeyrissjóðs 4,30%, vextir banka 7,40%.

Við útreikninga á dæmum er miðað við greiðslur í heilt ár enda þótt KB ÍBÚDALÁN hafi ekki boðist fyrr en um mitt sl. ár. Gert er ráð fyrir að lánin séu tekin í desember árinu á undan með fyrstu afborgun í janúar. Ekki er tekið tillit til verðbólgu og lántökukostnaður er ekki getið í þessum samanburði þar sem hann fellur ekki til innan framtalsársins.

## Seltjarnarnesbær: Hættir við myndatökur

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** „Okkar mat er að betur má ef duga skal og tillögurnar eru fyrstu skref í þá átt,“ segir Jónmundur Guðmarsson, bæjarstjóri á Seltjarnarnesi. Bæjarstjórnin hefur lagt línurnar um hvernig best sé að efla innbrotavarnir og öryggi íbúa bæjarfélagsins en tíðni innbrota á Nesinu hefur aukist jafnt og þétt undanfarnin ár.

Bæjarstjórn hefur um skeið skoðað tillögur sem borist hafa og mun ætluin að skoða betur fimm tillögur en fallið hefur verið frá því að setja upp eftirlitsmyndavélar við bæjarmörkin eins og fyrstu hugmyndir voru um. „Það var dálítið viðkvæmt



### VIÐ BÆJARMÖRKIN

Bæjarstjóri Seltjarnarness segir að fallið hafi verið frá hugmyndum um eftirlitsmyndavélar við bæjarmörkin.

Enda erfitt að feta stígin milli eftirlits afbrotamanna og eftirlits almennings. Sú tillaga er ekki ein af þeim sem við ætlum að skoða nánar og er komin á hilluna að svo stöddu.

Meðal leiða sem fara á til að auka öryggi er aukin nágrannavarsla, lög-gæsla verði aukin frá því sem nú er, tölfræði afbrota í bænum verði tekin saman og kynnt fyrir íbúum og einnig verði kannað hvort hægt sé að nota ljósleiðarátæknina til að efla öryggi heimila.

- aðe

Sveitarfélög:

## Flestir vilja sameiningu

**KÖNNUN** Meirihluti er hlynntur sameiningu sveitarfélaga ef marka má viðhorfskönnun sem IMG Gallup hefur unnið fyrir félagsmálaráðuneytið. Rúmlega 66 prósent eru mjög eða frekar hlynnt sameiningu sveitarfélaga, ríflega 22 prósent andvíg og rúm ellefu prósent hlutlaus. Meirihluti svarenda er hlynntur sameiningu hvort sem lítið er til landshluta eða aldurs.

Stuðningur við sameiningu var mjög mikill í sveitarfélögum sem hafa verið sameinuð á síðustu árum, sem gefur vísbendingar um að íbúar þeirra séu ánægðir með sitt sameinaða sveitarfélag, segir í fréttatilkynningu frá félagsmálaráðuneytinu.

Tillögur sameiningarnefndar voru kynntar á nítjándra landsþingi Sambands íslenskra sveitarfélaga í gær. Ef allar tillögurnar ganga eftir mun meirihluti sveitarfélaga hafa fleiri en 1.000 íbúa



### REYKJANESBÆR

Stuðningur við sameiningu var mikill í þeim sveitarfélögum sem þegar hafa verið sameinuð.

og aðeins níu sveitarfélög færri en 500 íbúa í stað 51 í dag. Sveitarfélögum myndi því fækka úr 101 í 46 árið 2006. ■

**Trek / BMX**  
Hágæða hjól frá **TREK** USA fyrir káta krakka...

Trek BMX TR10 Verð kr. 19.913,-  
Trek BMX TR20 Verð kr. 25.190,-  
Trek BMX TR30 Verð kr. 34.040,-

**ÖRNINN**  
STOFNAD 1925  
Skeifunni 11d, Sími 588 9890  
Verkstæði Sími 588 9891

www.orninn.is

Á KASSANUM  
Með Illuga Jökulssyni  
alla virka daga kl. 18.

**Talstöðin**  
FM 90,9

# REI VERIÐ SVONA T SKATTFRAMTALIÐ

Dæmi um íbúðarhúsnæði sem er með áhvílandi  
**KB ÍBÚDALÁN** til 40 ára að upphæð 10,5 milljónir króna í árslok.



Staðsetning íbúðarhúsnæðis:				Vaxtagjöld og láni eða láns hlutar sem ekki ganga til öflunar íbúðarhúsnæðis færast í kafla 5.5.																					
Kaupir:		Fyllist út af skattgjóra	299	9	Vaxtagjöld vegna öflunar íbúðarhúsnæðis		10	Eftirstöðvar skulda vegna öflunar íbúðarhúsnæðis																	
1 Lánveiting	Lánsnúmer	Hlutfall (%)	2 Lántökudagur	3 Lánstími	4 Yfirtökudagur																				
<b>KB ÍBÚDALÁN*</b>		100%	01.12.03	40 ár																					
5 Heildargreiðslur ársins	6 Afborgun af nafnverði	7 Afköll	8 Lántökukostnaður	=		4	4	0	4	5	3	1	0	4	9	9	3	1	0						
1 Lánveiting	Lánsnúmer	Hlutfall (%)	2 Lántökudagur	3 Lánstími	4 Yfirtökudagur																				
5 Heildargreiðslur ársins	6 Afborgun af nafnverði	7 Afköll	8 Lántökukostnaður	=																					
1 Lánveiting	Lánsnúmer	Hlutfall (%)	2 Lántökudagur	3 Lánstími	4 Yfirtökudagur																				
5 Heildargreiðslur ársins	6 Afborgun af nafnverði	7 Afköll	8 Lántökukostnaður	=																					
Fært af framhaldsblaði RSK 3.01																									
<b>Vaxtagjöld/eftirstöðvar vegna öflunar íbúðarhúsnæðis samtals</b>				8		<b>4 4 0 4 5 3</b>		45		1		0		4		9		9		3		1		0	

Í dæminu er lánstími lengdur og óhagstæðari skuldum breytt í KB ÍBÚDALÁN til 40 ára.

Vaxtagjöldin voru 594.568 kr. en lækka í 440.453 kr. með KB ÍBÚDALÁNI til 40 ára, sem er sparnaður upp á **154.115 kr.** á ári. Heildargreiðslubyrðin á ári var 1.025.579 kr. en lækkar í 546.143 kr. með KB ÍBÚDALÁNI.

\* Vextir KB ÍBÚDALÁNS 4,15%.

Kynntu þér **KB ÍBÚDALÁN** í næsta útibúi, á kbbanki.is eða í síma 444 7000.



- kraftur til þín!

HVÆÐ ER AÐ FRÉTTA? JÓN B. STEFÁNSSON, SKÓLAMEISTARI FJÖLTÆKNISKÓLANS

## Nafnabreytingin tókst vel

„Fólki hefur gengið mjög vel að aðlagast nýja nafninu,“ segir Jón B. Stefánsson, skólameistari Fjöltækniskóla Íslands, en skólinn var reistur á dögnum á grunni Stýrimannaskólans í Reykjavík og Vélskóla Íslands. „Ég vil meina að nafnabreytingin hafi tekist vel og að þeir sem vilji vita hafi vitneskju um hana. Jón segir fólk strax byrjað að nota nýja nafnið enda sé það lipurt og venjast vel.“

290 nemar eru við Fjöltækniskólann og býst Jón við að þeim fjölgi í haust. Hið tignarlega hús skólans á Rauðarárholti í Reykjavík getur rúmað talsvert fleiri nemendur og því engin ljón í vegnum.

Fyrir nokkrum misserum lauk umfangsmiklum endurbótum á húsina utan-



verðu og senn verður ráðist í að taka það í gegn að innan. Jón hlakkar til en

segir suma vilja sem minnst gera. „Þeir eru til sem sjá ákveðinn sjarma í innviðunum og vilja hafa húsið gamalt og þreytt. Það hefur til dæmis vakið áhuga auglýsingagerðarfólks og hér hafa auglýsingar verið myndaðar.“ Sem dæmi má nefna að auglýsing um enska fótboltann á Skjá einum var tekin upp í skólabyggingunni.

Sem fyrr segir er Fjöltækniskóli Íslands reistur á grunni Stýrimannaskólans í Reykjavík og Vélskóla Íslands. Voru skólarir tveir í hópi elstu skóla landsins, Stýrimannaskólinn hóf starfsemi 1891 og Vélskólinn 1911. Skip- og vélstjórn verða vitaskuld áfram kenndar við skólann en tvö ný svið hafa orðið til; tækni- og sjávarútvegssvið. Verður starfsemi því breiðari en fyrr.

SVONA ERUM VIÐ:



1.072 BRÉFBERAR STARFA HJÁ ÍSLANDSPÓSTI Samkvæmt kjörskrá Póstmannafélagsins.

# 24

stundir

## Íslensk stúlka í fangelsi fyrir að ljúga nauðgun upp á hermann

Segist sjá eftir öllu saman

**DV** – hefur þú séð DV í dag?

## Hjóla- og vélsleðadagar í Nitró



**TILBOÐ**

**Vulcan 800** 2005

Verð aðeins **968.000 kr.**  
Hjálmur fylgir hverju seldu hjóli.

**14.123\*** á mánuði

\*Meðalgr. pr. mán í 60 mán. Miðað við útborgun kr. 290.000 og SP bílalan.

**TILBOÐ**

**Husaberg FE**

450cc, 550cc & 650cc árg. 2005

Verð frá **970.000 kr.**

Hjálmur fylgir hverju seldu hjóli.

**14.123\*** á mánuði

\*Meðalgr. pr. mán í 60 mán á FE 450cc. Miðað við útborgun kr. 290.000 og SP bílalan.

Léttasta endurohjól landsins. Getum einnig útvegað 2004 hjól á frábæru verði. Aðeins örfá hjól eftir hjá framleiðanda. Hafid samband við sölumann.

**NITRO**

Nitró / Járnhálsi 2 / Sími: 557 4848 / www.nitro.is



JÖRMUNDUR INGI Hefur um skeið unnið að heimildarmynd um móraviana sem Hallgrímur Pétursson mun hafa verið undir óbeinum áhrifum frá þegar hann samdi Passíusálmana.

## Þjóðveldið var stofnað 17. júní

Jörmundur Ingi Reykjavíkurgóði hefur unnið lengi að því að reikna gamla íslenska dagatalið upp á nýtt og komist að merkilegum niðurstöðum.

„Flestir halda að dagatal gangi út á að telja 365 daga ársins, en það er nú dálítið meira fólgið í þessu,“ segir Jörmundur Ingi Hansen Reykjavíkurgóði, sem hefur undanfarin ár unnið jöfnum höndum að því að reikna gamla íslenska dagatalið upp á nýtt. Hann segir að íslenska dagatalið hafi verið mun nákvæmara en það gregoríska sem notast er við í dag. Á þeim árum sem Jörmundur hefur varið í að rannsaka gamlar heimildir segist hann hafa gert ýmsar merkilegar uppgötvanir. „Það fréttænasta

er að þjóðveldið var stofnað við sólstöður árið 930 sem komu upp hinn 17. júní samkvæmt gamla dagatalinu.“ Þetta finnst Jörmundi ansi merkileg tilviljun. „Hvernig foreldrar Jóns forseta Sigurðssonar reiknuðu þetta út nokkrum öldum seinna skal ég ekki segja,“ segir Jörmundur og hlær.

Hann er ávallt með mörg járn í eldinum. Á föstudag voru Passíusálmar Hallgríms Péturssonar sungnir í fyrsta sinn í New York í Bandaríkjunum og Jörmundur kom meðal annarra að því verki. „Ég hef unnið að heimildarmynd um kristinn sértrúarsöfnuð sem kallast móravíðar. Í París voru þeir kallaðir bóhemar og samin um þá heil ópera, La Bohème. Þeim var yfirleitt úthýst hvar sem þeir fóru en voru virkir á Grænlandi. Þetta voru miklir passíu-

menn og Hallgrímur Pétursson samdi Passíusálmana undir óbeinum áhrifum frá þessum söfnuði.“

Söfnuðurinn er ennþá starfræktur og fyrir nokkru komst bandarískur móravíðar yfir enskar þýðingar á Passíusálmunum og nóturnar við þá. „Ég og aðrir vorum honum innan handar, en hann setti upp heila oratoríu sem var flutt á föstudaginn í New York. Mér vitanlega er þetta í fyrsta skipti sem sálmarnir hafa verið sungnir í heilu lagi. Hér á landi eru þeir alltaf lesnir.“

Jörmundur komst því miður ekki til New York til að hlýða á flutninginn en örvæntir ekki því stefnt er að því að gera þetta að árlegum viðburði. „Það er aldrei að vita nema maður bregði sér til New York á næsta ári og skelli sér á tónleika.“

bergsteinn@frettabladid.is

Kvikmyndin Wimbledon hefur áhrif á tísku og áhugamál á Íslandi:

## Tenniskjólar aldrei vinsælli

„Talsvert meira hefur verið spurt um tenniskjóla en áður,“ segir Diljá Kristjánsdóttir, sem vinnur í íþróttavörusluninni Útilífi í Kringlunni. Hún rekur aukinn áhuga á þessum ágætu kjólum alfarið til kvikmyndarinnar Wimbledon, sem sýnd var í kvikmyndahúsum á síðasta ári og er nú fáanleg á öllum betri myndbandaleigum. Í henni fara leikararnir Paul Bettany og Kirsten Dunst með hlutverk tennisleikara sem fella hugi saman á tennisvöllinum.

Ög myndin hefur ekki bara áhrif á klæðasmekk íslenskra kvenna, þær hafa líka fyllst áhuga á tennis. „Við vinkonurnar byrjuðum með popp og kók í bíósalnum og enduðum á að fá okkur tenniskennara,“ segir Diljá, hress og kát með nýja áhugamálið. Ólíkt fólkinu í myndinni hefur hún hins vegar ekki fundið ástina á tennisvöllinum. En hver veit hvað gerist í þeim efnunum.



FÉLLU FYRIR TENNIS Í BÍÓSALNUM Diljá er hér fyrir framan vinkonur sínar; Ingi-björgu, Sigrúnu, Guðnýju og Svönu.

Diljá og vinkonur hennar taka daginn snemma og eru mættar til tennisæfinga í Kópavoginum

klukkan 7 á morgnana. „Það verður að taka þetta á hörkunni,“ segir Diljá.

- bps

## Samfylkingin: 60 dagar til stefnu

Barátta Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur og Óssurar Skarphéðinssonar um formannsembætti Samfylkingarinnar á eftir að standa í tvo mánuði í viðbót. Tilkynt verður um úrslit póstkosningar flokksmanna eftir slétta tvo mánuði, laugardaginn 21. maí, en frestur til að skila inn kjörseðlum rennur út tveimur dögum fyrr.

Flokksmenn og aðrir landsmenn geta kynnt sér frambjóðendurna tvo og stefnumál þeirra á heimasíðunum ingibjorgsolrun.is og althingi.is/ossur.

- bps

Tónelsk æska:

## Gítararnir vinsælir

Gítarar seljast eins og heitar lummur þessa dagana og virðist sem þeir séu fermingargjöfin í ár. Hjóðfærásalar um land allt segja gítarsöluna aldrei meiri en kunna ekki skýringar á þessum miklu vinsældum. Segja raunar að gítararnir hafi selst vel undanfarin ár en samt aldrei eins og nú.

„Þeir rjúka út,“ segir Elín Hekla Klemenzdóttir í Gítarum við Stórhöfða. „Kassagítararnir eru alltaf mjög vinsælir en svo er mikið tekjð af rafmagnsgítarpökkum.“ Í slíkum pakka er rafmagnsgítar, magnari, snúra og ól og auðvitað fylgir með nögl.

Gítarar eru bæði gefnir stúlkum og drengum.

Sjálf spilar Elín á gítar og segist vera í væmnu deildinni. „Ég vil bara spila róleg og væmin lög,“ segir hún, himinsæl með eigin tónlistarsmekk.

Hún rekur Gítarinn ásamt manni sínum Antoni Kröyer og hafa þau verið á Stórhöfðanum í fimm ár. „Það er æðislegt að vera á Höfðanum, miklu betra en í miðbænum. Hér eru nefnilega miklu fleiri bílastæði,“ segir Elín og heldur áfram að afgreiða gítara af miklum móð.

- bps



ELÍN KLEMENZDÓTTIR  
Gítararnir renna út þessa dagana.

# Fermingargreiðsla sem vex

Eyddu í sparnað og fermingargreiðslan vex jafnt og þétt í framtíðinni. Framtíðargrunnur Landsbankans er góður kostur til fermingargjafa.

- Hæstu vextir sparireikninga Landsbankans
- Bundinn til 18 ára
- Verðtryggður



ÍSLENSKA REKINGISSTOFUANDULS 101 079 012015

410 4000 | landsbanki.is



Landsbankinn  
Banki allra landsmanna

# Verðið er líka frábært!



Góður Ís – Gott verð!

emmessis

\*Algengt verð í matvöruverslunum

argus - 04-0560



# PEUGEOT 407

# TÖLUM UM NÝSKÖPUN

Meistarahönnun Peugeot 407 sem setur nýjan staðal fyrir fjölskyldubíla



HER & NU / SIA

[www.peugeot.is](http://www.peugeot.is)



airbags



AC<sup>2</sup>



M.I.P.



JBL



F.A.P.



ESP<sup>2</sup>



Tiptronic<sup>6</sup>



T.D.T.

Komdu og upplifðu meistarahönnun sem setur fjölskyldubílnum nýjan staðal. Það er ekki aðeins krafturinn í hönnuninni sem gerir hann sérstakan - líka samspilið af þægindum, sportlegum aksturseiginleikum og öryggi. Þú hefur fjölda möguleika í útfærslu, þannig að við höfum um margt að tala saman. Líttu inn og tölum um Peugeot 407 – flottasta ljónið á veginum.

Peugeot 407 4ra dyra verð frá kr. 2.190.000 - kr. 22.941 á mánuði \*

Peugeot 407 SW verð frá kr. 2.350.000 - kr. 24.618 á mánuði \*

\* Bítasamningur Lýsingar - 30% innborgun og eftirstöðvar á 84 mánuðum

# 407



PEUGEOT



BERNHARD ehf. • Vatnagarðar 24-26 • Sími 520 1100

Umboðsaðilar:

Reykjanesbær, **Bilavík**, sími 421 7800 • Akranes, **Bilver**, sími 431 1985

Akureyri, **Höldur**, sími 461 6020 • Vestmannaeyjar, **Bragginn**, sími 481 1535







Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
REYKJAVÍK 7.24	13.35	19.47
AKUREYRI 7.08	13.20	19.32

Heimild: Almanak Háskólans

## FRÉTTABLAÐIÐ

### Góðan dag!

Í dag er mánudagurinn 21. mars, 80. dagur ársins 2005.

## FASTEIGNASÖLUR

- 101 Reykjavík 18-19
- Akkurat 20-21
- Ás 12-13
- Draumahús 24-25
- Eignakaup 23
- Eignastýring 9
- Fasteignamarkaðurinn 15
- Fasteignamiðlun 17
- Fasteignam. Grafarv. 17
- Fasteignastofa Suðurn. 9
- Hof 5
- Hóll 8
- Hraunhamar 10-11
- Húsalind 7
- Húseign 7
- Lyngvík 16
- Miðborg 4
- Nýtt Fasteignasala 22
- Pingholt 6

## SMÁAUGLÝSINGAR byrja í dag á bls. xx

### Flokkar & fjöldi

#### Bílar & farartæki

#### Keypt & selt

#### Þjónusta

#### Heilsa

#### Skólar & námskeið

#### Heimilið

#### Tómstundir & ferðir

#### Húsnæði

#### Atvinna

#### Tilkynningar

# allt - fasteignir

hús o.fl.

Háreist og glæsilegt hús BLS. 2  
Tímabært að þvo gluggana BLS. 3

fasteignir

Nýjar byggingar Háskólans BLS. 6  
Turnar á höfuðborgarsvæðinu BLS. 14

ER ÞÍN FASTEIGN AUGLÝST HÉR?

MEST LESNA FASTEIGNABLAÐ LANDSINS



Garðurinn er í góðri rækt og húsið á besta stað innst í botnlanga.

## Með útsýni út yfir Grafarvoginn

Fasteignasalan Bifröst er nú með til sölu frábærlega staðsett 253,8 fermetra einbýlishús á tveimur hæðum með innbyggðum, tvöföldum bílskúr í Funaföld 60 í Grafarvogi.

Húsið stendur innst í lokuðum botnlanga niður við Grafarvoginn og er útsýni glæsilegt. Á efri hæð er forstofa, gestasnyrting, borðstofa, eldhús og stofur eru hálfri hæð neðar. Á neðri hæð eru hol, fjögur svefnherbergi, baðherbergi og þvottahús.

Komið er inn í húsið á efri hæð og er þar forstofa með flísum á gólfi og fataskáp og gestasnyrtingu með flísum á gólfi og upp á miðja vegg. Í framhaldi af forstofu er borðstofa með flísum, skáp og góðum útskotsglugga. Eldhúsið er rúmgott og með viðarinnréttingu, flísum á gólfi og borðkrók.

Hálfri neðri hæð neðar er stofan og sjónvarpshol með parketti á gólfi, arinstæði, mikilli lofthæð sem setur svip á rýmið og góðum gluggum sem gefa mikla birtu bæði á veggjum og í lofti. Útengt er á litlar suðursvalir út frá stofum.

Steyptur, flísalagður stigi er á milli hæða. Á neðri hæð er hol með flísum á gólfi og skápur, hjónaherbergi með parketti og skápum en útgangur er í garðinn úr hjónaherbergi. Baðherbergi er með kari, veggir og gólf eru máluð og skápar undir vaski. Rúmgott þvottahús með flísum á gólfi og útgangi í garð. Þrjú önnur svefnherbergi með parketti og lausum skápum í einu.

Garðurinn er í góðri rækt og skjólsæll og liggur vel við sól. Bílskúrinn er tvöfaldur en undir honum, að hluta, er um 26 fermetra óinnréttað rými sem mætti tengja neðri hæð. Tilboð óskast í þessa eign.

## LIGGUR Í LOFTINU í fasteignum

Eftirspurn eftir lóðum er gríðarleg í sveitarfélaginu Árborg en á bílinu fjögur til fimm þúsund umsóknir um 38 lóðir í Suðurbyggð á

Selfossi hafa borist bæjaryfirvöldum. Margir munu hafa sent inn fleiri en eina umsókn og er nú unnið að því að flokka umsóknirnar. Lóðirnar sem eru í boði nú eru 18 lóðir undir einbýlishús, 15 parhúsalóðir og fimm raðhúsalóðir. Alls verða 65 íbúðir á umræddu svæði.

Hjúkrunarheimilið Hlíð á Akureyri stækkar samkvæmt nýju deiliskipulagi. Fyrirhugað er að reisa nýja byggingu vestan við núverandi húsakost. Í

nýbyggingunni verða sextíu hjúkrunarrými – allt einstaklingsherbergi – auk eldhúss, matsalar, búningsaðstöðu starfsfólks, stíghúss, lyftu og svo tengingarsvæði eldra húsið. Stefnt er að verklökum í september 2006.

Fjórar lóðir fyrir iðnaðarhúsnæði eru nú lausar í Hellnahrauni sunnan Reykjanesbrautar. Lóðirnar eru frá 2.700 fm til 8.500 fm og eru byggingarhæfar nú þegar. Skipulagsupprættir, skipulags- og byggingarskilmálar, gjaldskrár og umsóknar-eyðublöð fást afhent í þjónustuveri Hafnarfjarðar, Strandgötu 6, og á heimasíðu bæjarins.

fasteignir@rettabladid.is

Íbúðalán

# 4,15%

Kynntu þér kostina við íbúðalán Landsbankans. Fáðu ráðgjöf hjá sérfræðingum okkar og veldu leiðina sem hentar þér best. Hafðu samband í síma 410 4000 eða á fasteignathjonusta@landsbanki.is

410 4000 | landsbanki.is



Landsbankinn  
Banki allra landsmanna

# allt hús o.fl.

## Veggirnir málaðir

Það er tilvalið að mála veggina á vorin þegar sólin er komin hátt á loft, því þá er auðveldara að sjá til og greina hvernig litirnir koma út í dagsbirtu.




**Fissler**  
pottar og pönnur  
- finndu muninn!  
búsáhöld

KRINGLUNNI  
sími 568 6440

SVEITAHÓTELID Í SVEINBJARNARGERDI  
COUNTRYHOTEL

Svalbarðsströnd Akureyri • Sími: 462 4500 • Gsm: 862 4502


## Á skíði fyrir norðan um páskana

Fjallið Kaldbakur er með lengstu skíðabrekku landsins alls 6 km á lengd og býður því uppá mikla fjölbreytni fyrir skíða og brettafolk.

**Páska tilboð 1**  
Gisting með morgunverði í 4 nætur á aðeins **16.900-** per mann

**Páska tilboð 2**  
Gisting með morgunverði í 3 nætur á aðeins **13.900-** per mann

Innifalið í verði eru tvær ferðir með Kaldbaksferðum og rjúkandi heitt kakó við heimkomu.




FRÉTTABLAÐIÐ/EÓL

Guðni hefur búið í Hafnarfirði mestalla ævina og þetta gamla timburhús hefur alltaf verið í uppáhaldi. Hann bendir á að aðkom-an að húsinu sé flott og slíkt skipti ávallt máli.

## Lítið en háreist og einkar glæsilegt

Guðni Gíslason, innanhússarkitekt og ritstjóri, er hrifinn af húsinu að Hverfisgötu 3 í Hafnarfirði. Honum finnst fallegast þegar lýsing húsa er þannig að húsin glói.

Guðni Gíslason innanhússarkitekt hefur löngum verið hrifinn af einu húsi í Hafnarfirði öðrum fremur. „Hverfisgata 3 í Hafnarfirði er hús sem hefur setið lengi í mér. Mér finnst reyndar erfitt að velja eitt hús öðrum fremur en það er þá helst þetta. Húsið er

byggt árið 1925, stendur á áberandi stað og hefur verið vel við haldið. Þetta er timburhús en afar glæsilegt og svoltið háreist þó lítið sé, eflaust ekki meira en 50 fermetrar að grunnfleti, með óvenjuháu risi og bröttum kvistum. Þetta er privat hús einhvers og ég veit ekki hver býr þar. Útihurðin er einkar glæsileg og aðkoman flott en mér finnst innangangur í hús alltaf skipta mjög miklu máli. Ég hef búið í Hafnarfirði næstum alla ævi og þetta hús hefur alltaf vakið athygli mína.“

Guðni er ritstjóri tímaritsins

Ljóss sem inniheldur fjölbreytt efni sem tengist lýsingu og því liggur beinast við að spyrja hann hvort lýsingin hafi áhrif á fagurfræðilegt mat hans á húsum.

„Það eru mjög fá hús sem mér finnst vera fallega lýst því ég vil hafa hús lítið lýst að utan og smekklega og þannig að þau trufli ekki aðra. Mér finnst fallegast þegar húsin glóa, svona eins og þegar kvöldsólin skín á þau. Þetta hús Hverfisgötu 3 hefur mér hins vegar aldrei þótt þurfa lýsingu því ég hef oft séð það í náttúrulegri kvöldlýsingu og þá er það einstaklega fallegt.“



**GLÓFAXI HF.**  
ÁRMÚLA 42 - SÍMI 553 4236

### BÍLSKÚRS OG IÐNAÐARHURÐIR

- Hurðir til á lager • Smíðað eftir máli
- Eldvarnarhurðir • Öryggishurðir



Fólk sankar að sér ótrúlega miklu dóti sem best er að losa sig við.

## Glæsilegt úrval Sisal og Kókos gólfteppa

Heimilisgólfdukar  
Tilboðsverð frá kr. 900 á m<sup>2</sup>

Teppamottur  
40% afsláttur

Teppi horn í horn

Stigateppi  
Níðsterk og létt í þrifum

Gerum tilboð að kostnaðarlausu

**GÓLFBÚNAÐUR**  
KJARAN EHF. • SÍÐUMÚLI 14 • 108 REYKJAVÍK  
SÍMAR 510 5510 • 510 5500  
OPÍÐ VIRKA DAGA KL. 8 - 18.

**989**  
**BYLGJAN**  
-björt og brosandi

## GÍTARINN EHF.

www.gitarinn.is STÓRHÖFÐA 27 -SÍMI: 552 2125 gitarinn@gitarinn.is

### Erum að taka upp nýja sendingu

Rafmagnsgítarpakki verð frá kr. **22.900**

Rafmagnsgítar, magnari, poki, ól, snúra og gítarneglur. Stillitæki

Klassískur gítar frá **10.900**

Þjóðlagagítar frá kr. **14.900**

**MAPEX** trommusett með stöndum og diskum  
rétt verð kr. **79.900**  
tilboðsverð kr **59.900**

**BJÓÐUM UPPÁ RAÐ- OG LÉTTGREIÐSLUR**

## Draslið burt

Með smá skipulagi er hægt að hreinsa drasl úr íbúðinni á skömmum tíma.

Á hverju heimili eru skápar og hillur fullar af dóti sem ágætt er að losa sig við. Hins vegar vill það oft vera svo að þegar að því kemur að losa sig við dóti gefast margir upp enda finnst þeim skýndilega að þeir hafi gríðarlega þörf fyrir allt þetta dót. Sannleikurinn er sá að við komumst af með ótrúlega lítið af hlutum og heimilið verður þægilegra og hreinn þegar fólk hefur losað sig við óþarfa dót.

Taktu fjóra kassa og merktu þá rusl, geyma, gefa, í geymslu. Farðu svo í hvert herbergi og flokkaðu hluti ofan í kassana. Farðu í gegnum skápa, hillur og kómmodur og ekki gleyma neinu. Munurinn á kössunum „geyma“ og „í geymslu“ er sá að í annan þeirra seturðu dót sem þú notar sjaldan en þarft að geta nálgast auðveldlega, í hinn kassann seturðu hluti sem þú notar aldrei en vilt af einhverjum ástæðum geyma, en sá kassi getur farið upp á háloft eða inn í geymslu.

Þú þarft virkilega að spyrja sjálfan þig hvort þú hafir not fyrir hlutina. Eins og til dæmis hvort þú munir einhvern tímann lesa gamlar kiljur aftur, eða hvort þú munir einhvern tímann laga bilaða hluti sem þú hefur hvort eð er komist af án í langan tíma. Og þótt hlutir séu heilir og vel nothæfir ertu kannski ekkert að nota þá og þeir sóma sér betur hjá Góða hirðinum.



FRETABLAÐIÐ/PIETUR

Nauðsynlegt er að hafa réttu áhöldin við gluggþvottinn.

## Hreinir gluggar veita birtu inn

**Gluggaþvottur er fastur liður í viðhaldi fasteigna, ekki síst nú þegar sólin liggur lágt.**

Það er þarft verk að þvo gluggana á þessum árstíma og ætti gluggaþvottur að falla undir föst verkefni sem snúa að því að halda húsum okkar í horfinu.

Á þessum tíma árs liggur sólin lágt og það hefur í för með sér að birtan flæðir í gegnum gluggana, sem flestir eru útataðir eftir vetrarveðrið, rokið og slydduna. Óhreinindin verða hreinlega flóðlýst.

Margir eru svo heppnir að komast auðveldlega að gluggunum en aðrir alls ekki, þar á meðal þeir sem búa á 10. hæð og geta því ómögulega sinnt gluggaþvotti.

Fyrir þá sem eiga erfitt með að þvo gluggana er besta leiðin að setja sig í samband við þau fyrirtæki sem sérhæfa sig í hvers kyns gluggaþvotti en þau eru allnokkur í höfuðborginni og oftast

einhver í stærri byggðakjörnum landsins.

Þeim sem vilja sjálfir sjá um gluggaþvott heimilisins er bent á eftirfarandi atriði:

Þau tæki sem auðvelda verkið eru:

- Skafa með gúmmíkanti (allir hafa séð atvinnumennina nota svona)
- Svampur (eða mjúkur breiður bursti)
- Tauklútar
- Fata

Vinsamlegast bíðið eftir frostlausum blíðviðriskafli, fátt er jafn pirrandi og ef hreinsigræjurnar frjósa á rúðunni eða að standa í gluggaþvotti þegar sandrok geisar. Uppskriftin að góðum gluggaþvotti er svona:

1. Setjið volgt vatn í fötu og bætið út í matskeið af uppþvottaleti.
2. Dýfið svampinum eða burstan-

um í löginn og vindið mesta vatnið burt.

3. Strjúkið yfir gluggann, fyrst langsum og svo þvert (sjálf-sagt að beita afli þar sem óhreinindi þrjóska við).
4. Dragið gúmmísköfuna lárétt eftir efsta hluta rúðunnar og hreinsið svo óhreinindi burt af henni með tauklút
5. Dragið sköfunna lóðrétt niður eftir enda rúðunnar og hreinsið óhreinindin af sköfunni með klút.
6. Skafið afganginn af vatninu og óhreinindunum burt með láréttum strokum, án þess að fara mikið inn á þau svæði sem þegar eru orðin hrein og þurr.
7. Notið hreina tusku til að strjúka yfir gluggann og aðliggjandi gluggapösta.

Atvinnumenn í faginu mæla ekki með gluggaþvotti í of mikilli sól og hita þar sem sápuvatnið þornar of hratt. En æfingin skapar meistaran og þá er bara að fara að æfa sig.



Gott er að skola þakrennuna með vatni.

## Þakrennuþrif

**Vanhirða á þakrennu getur valdið skemmdum.**

Nauðsynlegt er að þrifa þakrennuna reglulega, annars geta orðið miklar skemmdir á þaki húsa eða útveggjum. Best er að komast að þakrennunni með því að klífa upp nægilega háan stiga, þannig að þú sjáir vel ofan í rennuna. Hafðu með þér plastpoka sem þú getur lagt á þakið og sett draslið í, en þú skalt byrja á því að losa laufblöð og önnur laus óhreinindi.

Bleyttu upp í mold sem hefur storknað svo þú skemmir ekki rennuna og skóflaðu henni svo burt. Ef niðurfallið er stíflað skaltu láta vatn úr garðslöngu renna í gegn, en farðu varlega því rennur þola ekki jafnmikinn kraft og vatnspípur.

Þegar þú hefur losað allt rusl og stíflur skaltu skola rennuna og niðurfallið vel með rennandi vatni, en mundu þó að hafa ekki of mikinn kraft á vatninu. Einnig skaltu nota tækifærið og athuga hvort nokkur leki er í rennunni sem þurfi að huga að.

# HJÓLHÝSI

## -Í ENDALASU ÚRVALI

